# Verkefnasögur

og ýmislegt fleira

# Borgarbúar óskast

**Vilt þú hafa áhrif á þjónustu borgarinnar?**

Hefur þú notað þjónustu hjá borginni og ert með hugmyndir um hvernig er hægt að bæta hana? Til að veita góða þjónustu er mikilvægt að fá innsýn frá fólkinu sem notar hana. Þannig getum við gert betur og sniðið þjónustu eftir ólíkum þörfum borgarbúa. Við leitum þess vegna að áhugasömu fólki sem býr í Reykjavík og langar að hafa raunveruleg áhrif á borgina sína.



Ég vil vera með!



## Hvernig virkar þetta?

1. Þú skráir þig í notendalistann
2. Þegar við förum í gang með ný stafræn verkefni sendum við tölvupóst á öll sem hafa skráð sig
3. Þú ýmist hittir okkur í viðtölum, svarar könnun eða prófar stafræna þjónustu
4. Við notum niðurstöðurnar til að breyta, bæta eða endurhanna þjónustu
5. Öll sem taka þátt geta haft áhrif á þjónustu borgarinnar með því að segja frá sinni upplifun. Þannig græðum við öll!

Verkefnin eru fjölbreytt, allt frá innritun í leik- og grunnskóla yfir í rafrænar byggingarleyfisumsóknir. Ekki eru þó öll verkefni sem eiga við alla þátttakendur og engin krafa að taka þátt. Þú getur alltaf afskráð þig af póstlistanum.

— Skrá mig á notendalistann

Hafa samband

- **Erum með fjölmörg notendaviðtöl fyrir hvert verkefni.**
- **Treystum á samfélagsmiðla og tengslanet til að fá álit notenda.**
- **Tímafrekt að byrja alltaf á núllpunkti.**
- **Nýtt kerfi auðveldar okkur til muna að fá íbúa í notendasamráð.**

# Langar þig að bæta þjónustu borgarinnar?

Þessa dagana erum við önnum kafin við að endurskoða þjónustu, rafvæða ferla og bæta verklag til að geta betur mætt þörfum íbúa Reykjavíkur. Í hverju einasta verkefni sem við tökum að okkur er nauðsynlegt að fá innsýn notenda þjónustunnar. Við viljum þess vegna bjóða áhugasömu fólki sem býr í Reykjavík að skrá sig og fá þar með tækifæri til að taka þátt í umbreytingunni í borginni sinni! Við munum hafa samband í gegnum tölvupóst til að bjóða þér að taka þátt í notendaprófunum, koma í viðtal eða svara spurningakönnunum um þjónustu borgarinnar. Þú ræður hvort þú tekur þátt eða ekki og getur alltaf afskráð þig af listanum. Ef þú hefur áhuga, skráðu þig hér.

**Nafn:**

**Kennitala:**

**Kyn:**

- Karl ○
- Kona ○
- Kynsegin ○
- Kýs að svara ekki ○

**Netfang:**

**Símanúmer:**

### Vinnsla persónuupplýsinga

Með þessu samþykki gef ég Reykjavíkurborg leyfi til að senda mér spurningar, kannanir og beiðnir um þátttöku í rýnihópum/viðtölum um nýja þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar. Ég get valið í hvert skipti sem haft er samband við mig hvort ég vilji gefa kost á mér sem prófari nýrrar þjónustu eða svara viðkomandi könnun.

Með samþykkinu veiti ég Reykjavíkurborg leyfi til að sækja almennar persónuupplýsingar um mig úr Þjóðskrá sem og þeim kerfum Reykjavíkurborgar sem ég hef áður gefið upplýsingar um mig.

Ég skil að þessar upplýsingar verða eingöngu nýttar til að sjá hvort ég nýti viðkomandi þjónustu hjá Reykjavíkurborg og get því gefið upplýsingar um reynslu mína af fyrstu hendi sem notandi þjónustunnar. Í öðrum tilfellum verður engin samkeyrsla á persónuupplýsingum. Ég á rétt á því að draga þetta samþykki mitt til baka á hvaða tíma sem er með því að velja **Afskrá** í tölvupóstinum sem ég fæ sendan.

Allar persónuupplýsingar eru trúnaðarupplýsingar og verða meðhöndlaðar skv. persónuverndarlögum og ekki framseldar þriðja aðila. Upplýsingarnar verða varðveittar í aðgangsstýrðu vinnslugrunni notendarannsakenda. Nánar má lesa um vinnslu persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg í persónuverndarstefnu borgarinnar.

- Ég gef mitt samþykki ☐

# Verkefnasögur




Hvað er að gerast í stafrænni umbreytingu borgarinnar? Verkefnasögur Þjónustu- og nýsköpunarsviðs sýna brot af því besta sem við tökum okkur fyrir hendur.

Verkefnin eru unnin í góðu samstarfi við fjölda hagaðila, önnur svið Reykjavíkurborgar, íbúa og starfsfólk og eru jafn mismunandi og þau eru mörg.

Verkefnin eiga það sameiginlegt að tengjast þjónustu með einum eða öðrum hætti ásamt því að stuðla að nýsköpun og notendamiðaðri hugsun í starfsemi Reykjavíkurborgar.

## Kíktu á verkefnin



### Grunnskólainnritun

Börn byrja í grunnskóla árið sem þau verða sex ára. Þau fá úthlutað plássi í sínum hverfisskóla og forsjáraðili þarf að staðfesta innritun rafrænt.



### Rafrænar undirritanir

Daglega eru undirrituð hundruðir skjala hjá Reykjavíkurborg með tilheyrandi pappírssóun og tímaeyðslu.



### Betri borg fyrir börn

Betri borg fyrir börn er umfangsmikið verkefni sem miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.



### Reykjavik.is

…alvefur borgarinnar sem hefur …ð veita alhliða þjónustu og vera upplýsingavefur allra borgarbúa.

Hafa samband

# Hvað svo?

- Bætum við verkefnum jafnt og þétt.
- Byrjum að kynna þegar 3-4 verkefni hafa bæst við.
- Höldum síðunni lifandi.
- Áhersla á verkefni sem snerta sem flesta.
- Einblínum á ábata af þeim verkefnum sem bætast við.

- Fjárhagsaðstoð
- Rafrænar byggingarleyfisumsóknir
- Betri borg fyrir fjöltyngt börn
- Sameining á vefjum
- Betri borg fyrir börn (uppfærsla)
- Mínar síður
- Gagnahlaðborð

# Stafrænn leiðtogi

## Ábati verkefna

- Velja nokkra lága samnefnara
- Núllstöðu mælingar

## Lykilmælikvarðar

- Markmið vs. umfang
- Fylgir stafrænni stefnu

## Vöru- og þjónustuframboð ÞON

VOÞBOÐÞON

| Title | Tegund | Lýsing | Eins og t.d. | Teymi | Fyrir hvern |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | uppbyggingu skýjaumhverfis, DevOps menningar, og þróun samþættingarlags sem stýrir samskiptum við innri og ytri kerfi (webMethods) | | Stjórnendur |
| **Tegund : Fræðsla (28)** | | | | | |
| Sviðstengla mótun | Fræðsla | Tengiliður Þjónustuvers við ákveðin svið eða skrifstofur sem miðlar upplýsingum til þjónustufulltrúa og er sérfróðari í svörun og getur aðstoðað lengra. | Þjónustufulltrúar reyna að klára mál hjá sér áður en leitað er til sérfræðings inn á sviði | Þjónustuver | Önnur svið, Stjórnendur |
| Fræðsla í m365 | Fræðsla | Fræðsla og/eða kennsla á vörur í m365 svítunni | PowerBi, Power Platform, Teams, OneDrive, Sharepoint | Vörustýring M365 | Starfsfólk |
| Videofræðsla í m365 inn í Torgið | Fræðsla | Fræðsla og/eða kennsla á vörur í m365 svítunni | PowerBi, Power Platform, Teams, OneDrive, Sharepoint | Vörustýring M365 | Starfsfólk |
| Sértæk kempuþjálfun | Fræðsla | Þjálfun á superuserum sem geta svo aðstoða inn í sínum teymum | PowerBi, Power Platform, Teams, OneDrive, Sharepoint | Vörustýring M365 | Stjórnendur, Starfsfólk |
| Opnar kynningar á nýjungum | Fræðsla | Kynningar á Teams þar sem farið er yfir nýjungar sem starfsfólk getur nýtt sér | PowerBi, Power Platform, Teams, OneDrive, Sharepoint | Vörustýring M365 | Starfsfólk |
| Þemavikur | Fræðsla | Molar sem koma sér vel í day to day, áhersla á nýtt app í hverri þemaviku | PowerBi, Power Platform, Teams, OneDrive, Sharepoint | Vörustýring M365 | Stjórnendur |
| Stöðluð Hlöðufræðsla | Fræðsla | Grunnnámskeið (150 mín.): Þátttakendur læra á viðmót Hlöðunnar, leitina og grunnatriði varðandi skráningu mála og skjala. Framhaldsnámskeið (60 mín.): Þátttakendur læra flóknari aðgerðir í Hlöðunni. Samningaviðmótsnámskeið (45 mín.): | Sjá lýsingu | Hlöðuteymi | Starfsfólk, Önnur svið, Stjórnendur, Verkefnastjóra |

Reykjavík